

um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Jörðin Kaldbakur í Reykjahreppi, sem er eign Húsavíkurkaupstaðar, skal lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar frá 1. maí 1954.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Húsavíkurkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Reykjahreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar í Kaldbak.

3. gr.

Nú verður ekki, innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara, samkomulag milli bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Reykjahrepps um bætur fyrir tekjurýrnun Reykjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þær þá ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þrem mönnum. Nefna aðilarnir sinn manninginn í dóminn, en félagsmálaráðherra skipar oddamann, sem skal vera formaður dómshótsins. Vanræki annar aðili eða báðir að nefna mann í dóminn, skal félagsmálaráðherra skipa mann eða menn í staðinn, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Reykjahrepps. Augljóst er, að heppilegast er, að jörð sú, er um ræðir og Húsavíkurkaupstaður fékk til eignar og umráða 1949, verði lögð undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, svo að samfara verði eignarréttinum sveitarfélagsleg réttindi og skyldur.

Frumvarpið tryggir, svo sem skylt er, að bætur fyrir tekjurýrnun þess sveitarfélagsins, sem jörðin gengur undan, verði ákveðnar með gerðardómi, ef ekki takast samningar milli sveitarfélaganna um þær.

Útdráttir úr fundargerðum bæjarstjórnar Húsavíkur og sveitarstjórnar Reykjahrepps eru prentaðar hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal I.

BÆJARSTJÓRINN HÚSAVÍK

Útdráttur úr fundargerð bæjarstjórnar Húsavíkur 10. marz 1954.

-
6. Bæjarstjórn Húsavíkur samþykkir, að leitað sé samþykkis Reykjahrepps um að innlima býlið Kaldbak í lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar og að því fengnu sé þingmaður kjördæmisins beðinn að flytja málið á Alþingi.
-

Réttan útdrátt staðfestir.

Húsavík, 20. marz 1954,

Friðf. Árnason.

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar Reykjahrepps 16. marz 1954.

-
1. Tekið fyrir erindi bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar frá 15. marz 1954 um, að býlið Kaldbakur í Reykjahreppi sé innlimað í lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar.

Út af því samþykkti sveitarstjórnin eftirfarandi:

Með því að býlið Kaldbakur í Reykjahreppi er orðið eign Húsavíkurkaupstaðar og er nytjað af honum, telur sveitarstjórn Reykjahrepps eðlilegt og er því samþykk, að það sé innlimað í lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar og að þingmaður kjördæmisins sé beðinn að flytja það mál á Alþingi.

.....

Hveravöllum, 16. marz 1954.

Í sveitarstjórn Reykjahrepps,

Baldvin Friðlaugsson.

Jón H. Þorbergsson.

Jón Þórarinnsson.